

# Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

---

Samantekt



## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	5
Framtíðarsýn .....	6
Meginmarkmið .....	7
Hvernig ferðapjónusta á við Vestfirði og helstu markaðir? .....	8
Skipting Vestfjarða í áfangastaðaáætlun .....	9
Ferðapjónustan á Vestfjörðum – samantekt stöðugreiningar .....	10
Ímynd svæðis og aðdráttarafl .....	18
SVÓT greining .....	19
Aðgerðaáætlun .....	20



## INNGANGUR

Ferðaþjónusta hefur vaxið á síðustu árum og er nú sú atvinnugrein sem skilar mestum gjaldeyristekjum í þjóðarbúið. Ferðaþjónusta tengist fjölmörgum ólíkum greinum og því þarf að líta á hana sem mikilvægan þátt í allri áætlanagerð og stefnumótun og samþætta við aðrar áætlanir hins opinbera. Fyrir Vestfirði skiptir ferðaþjónusta gríðarlegu miklu máli. Líflegra samfélag og aukin þjónusta fyrir íbúa er einungis brot af þeim verðmætum sem ferðaþjónusta getur skapað fyrir Vestfirði.

Á Vestfjörðum hefur fjölgun ferðamanna verið umtalsverð en þó ekki í neinni líkingu við það sem orðið hefur á suðvesturhorni landsins. Sú staðreynd skapar okkur umtalsverð tækifæri á komandi árum til að byggja upp arðbæra atvinnugrein á forsendum sjálfbærni, að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum og tryggja að jákvæð áhrif ferðaþjónustu skili sér til samfélaganna. Slík uppbygging krefst þekkingar, samstarfs og samþættingar.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða er heildstæð áætlun sem hefur ferðaþjónustu sem meginpunkt. Markmið hennar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki. Í áætluninni er horft á ferðaþjónustu út frá víðu sjónarhorni og tekið tillit til margra ólíkra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í þróun áfangastaðarins. Áætlunin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfis og reynir að skapa jafnvægi. Hún gerir íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðaþjónusta þróist með tilliti til áhrifa á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Í áfangastaðaáætlun Vestfjarða var unnin greining á stöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu þar sem farið var yfir helstu þætti sem tengjast henni á beinan eða óbeinan hátt. Út frá greiningunni var farið í framtíðarsýn og markmið og unnin aðgerðaáætlun út frá þeim. Mikilvægt er að hafa það hugfast að áfangastaðaáætlun er lifandi skjal sem verður uppfært og endurskoðað reglulega.

Í þessari samantekt er farið yfir helstu niðurstöður áfangastaðaáætlunar Vestfjarða og gefin örlítill mynd af stöðugreiningunni. Skýrsluna í heild með heimildum má finna á vefnum [www.vestfirdir.is/afangastadaaetlun](http://www.vestfirdir.is/afangastadaaetlun).



## FRAMTÍÐARSÝN

Unnin var framtíðarsýn og meginmarkmið út frá niðurstöðum opinna funda sem haldnir voru víðsvegar á Vestfjörðum.

Út frá þeirri vinnu var síðan unnin aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði þar sem þessi markmið og sýn voru höfð að leiðarljósi.

„Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2 og kerfi göngu-, hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins, ægifagurrar náttúru og heilstæðra þorpsmynda allt árið um kring“.

## MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið með sjálfbærni að leiðarljósi;

- > Uppbygging gæðaáfangastaða
- > Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðaþjónustu
- > Samstaða um umhverfi og samfélag
- > Bættar samgöngur
- > Viðhald sérkenna svæðis og náttúru
- > Heilsársferðaþjónusta
- > Heildstæðar þorpsmyndir
- > Rannsóknir, þróun og nýsköpun



## HVERNIG FERÐAÞJÓNUSTA Á VIÐ VESTFIRÐI OG HELSTU MARKAÐIR?

Ferðaþjónusta með náttúru og menningu sem helstu áherslusvið:

- > Náttúruferðamennska (e. nature-based tourism)
- > Sjálfbær ferðamennska (e. sustainable tourism)
- > Upplifunarferðmennska (e. experience tourism)
- > Menningar- og arfleifðarferðamennska (e. culture and heritage tourism)
- > Matarferðamennska (e. food/culinary tourism)

Stefnan er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðaþjónusta en megin áhersla á að byggja upp ferðaþjónustu fyrir gesti sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

Sjálfstæði landkönnuðurinn er sá markhópur, miðað við nýjustu markhópagreiningu Íslandsstofu, sem flestir telja að henti vestfirskri ferðaþjónustu.



## SKIPTING VESTFJARÐA Í ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN

Unnin er ein áfangastaðaáætlun fyrir allt svæðið með fjórum aðgerðaáætlunum sem skiptast niður í Vestfirðir alla, norðursvæði, suðursvæði og Strandir og Reykhólar saman.

Níu sveitarfélög eru innan svæðisins sem nær yfir 8.898 km<sup>2</sup>. Þau eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.



# FERÐAÞJÓNUSTAN Á VESTFJÖRÐUM – SAMANTEKT STÖÐUGREININGAR

## Starfsleyfi í gildi 2017



Ferðaskrifstofur



Ferðaskipuleggjendur



## Gistiþjónusta 2017



Hótel



Gistiheimili



Tjaldsvæði



Svefnpokaláss



Bændagisting



Farfuglaheimili og Hostel



Íbúðir



Sumarhús



Heimaging



Airbnb



## Gistinætur



Gistinætur  
árið 2017

## Fjölgun gistinguáttanna



Fjölgun  
gistinguáttanna milli  
2012-2017

## Gestakomur



Fjöldi gestakoma  
árið 2017

## Framboð rúma árið 2016 meðaltal allt árið



Hótel - 181  
Hótelíbúðir - 71  
Gistiheimili starfandi allt árið - 391  
Sumarhótel - 255

Sumargistiheimili - 146  
Heimagisting - 119  
Farfuglaheimili - 96  
Svefnþokagisting - 58

## Veitingaþjónusta



Staðir  
skráðir með  
veitingaleyfi

## Matvöruverslanir



Fjöldi  
matvöruverslana

## Bílaleigur



Útibú þriggja stærstu  
bílaleiganna eru á  
Ísafirði og tvö útibú á  
suðurfjörðum

## Bifreiðaverkstæði



Skráð verkstæði

## Bensínstöðvar



Allt  
sjálfsafgreiðslu-  
stöðvar

## Söfn og sýningar



39 skráðir  
aðilar hjá  
Ferðamálastofu

## Sundlaugar og heitar laugar



Á Vestfjörðum má einnig finna margar náttúrlaugar, allt frá algjörlega manngerðum laugum og yfir í 100% náttúrlaugar. Flestar eru þessar laugar opnar almenningi en eitthvað er um að heitar laugar séu í einkaeigu. Sumar þessar náttúrlaugar eru skráðar en aðrar eru einungis á vitund heimamanna sem oft vilja halda því þannig.

## Afþreying

Boðið er upp á ýmsar dagsferðir og lengri ferðir. Hjá Ferðamálastofu eru 45 aðilar skráðir í flokkinn afþreying.

KAJAKFERÐIR  
LÚXUSFERÐIR  
MATARUPPLIFUN  
HJÓLAFERÐIR  
OG LEIGUR  
KÖFUR  
BÁTSFERÐIR  
JEPPA OG JÖKLAFERÐIR  
SELASKOÐUN  
ÍSKLIFUR  
STANGVEIÐI  
LJÓSMYNDAFERÐIR  
HVALASKOÐUN  
SKÍÐI OG GÖNGUSKÍÐI  
FUGLASKOÐUN  
VÉLSLEÐA OG  
SNJÓBÍLAFERÐIR  
FJÓRHJÓLA OG BUGGYFERÐIR  
NORÐURLJÓSKOÐUN  
GÖNGUFERÐIR  
HESTA AFÞREYING



## Þjóðerni



Hingað til hafa Þjóðverjar verið með flestar gestakomur á Vestfirði en árið 2017 var svo komið að Norður-Ameríka er með flestar komur á Vestfirði.

## Skemmtiferðaskip



Farþegar

Árið 2017 komu 95.163 farþegar með 94 skipum til Ísafjarðar. Þegar horft er til þjóðernis voru 29.641 farþegar frá Þýskalandi, 23.387 farþegar frá Bandaríkjunum og 18.846 farþegar frá Bretlandi. Aðrir farþegar 6.694 talsins voru Norðurlandabúar, Hollendingar, Belgar, Spánverjar, Ítalir, Frakkar og Asíubúar.

## Flug




Farþegar

Árið 2017 fóru 34.551 farþega um Ísafjarðarflugvöll, 3.600 farþegar um Bíldudalsvöll og 177 farþegar um Gjögur.








FLOKKUN ÁNINGARSTAÐA

- Áningarstaður
- Upplýsingaútskot
- Opinn skógur
- ⚓ Viti
- Útskot



FLOKKUN UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVA

- Landshlutamiðstöð
- Svæðismiðstöð
- Upplýsingamiðstöð



## ÍMYND SVÆÐIS OG AÐDRÁTTARAFL

Aðdráttarafl og ímynd Vestfjarða hefur ávallt verið tengd einstakri náttúru og markaðssetning byggir mikið á þeim þáttum. Í stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu 2016-2020 er dregin fram eftirfarandi sérstaða;

Einstök náttúra, friðsæld og öðruvísi upplifun

- > Nálægð við einstaka náttúru: Friðlönd, fossar, fjöll, firðir, hreinleiki og dýralíf
- > Einstök friðsæld: Afskekkt, fámenni, rólegheit, víðátta og kyrrð
- > Öðruvísi upplifun: Við erum ævintýragjörn, sjálfbær, skapandi, menningarleg og dularfull

Fjölsóttustu áningarstaðir ferðamanna á Vestfjörðum yfir sumartímann eru Látrarbjarg, Dynjandi og Rauðasandur. Þessir staðir eru reyndar allir með mikla árstíðasveiflu vegna aðgengis en vegir að þessum stöðum eru ekki með heilsársþjónustu. Aðrir staðir sem töluvert eru heimsóttir eru Hornstrandir, Bolafjall og Vigur, þar sem einnig er mikil árstíðarsveifla. Auk umræddra náttúruperla er einnig mikið um að ferðamenn séu að heimsækja þorpinn um alla Vestfirði enda er þar að finna þá þjónustu sem ferðamenn leita í.

Hin mikla árstíðasveifla í vestfirskri ferðaþjónustu kemur skýrt í ljós þegar nýting gistirýma yfir veturinn er skoðuð. Lenging ferðamannatímabilsins og heilsársferðaþjónusta hefur því verið ein af helstu áherslum í starfi Markaðsstofu Vestfjarða undanfarin ár. Ýtt er undir heilsársferðaþjónustu með markaðssetningu og vörubrúun ásamt lengingu opnunartíma í samstarfi við ferðaþjóna og sveitarfélög.

## SVÓT GREINING

Hverjir eru styrk og veikleikar áfangastaðarins Vestfirðir, hver eru tækifærin fyrir áfangastaðinn og hvaða ógnir staða að honum?

### STYRKLEIKAR:

Innra umhverfi og í núinu

- > Náttúrufegurð
- > Fámenni
- > Óspillt náttúra
- > „Óbyggðin“
- > Kyrrðin

JÁKVÆÐ

### VEIKLEIKAR:

Innra umhverfi og í núinu

- > Vantar betra skipulag
- > Vantar grunngerð svo sem salernisaðstöðu
- > Samgöngur í allri sinni heildarmynd
- > Fjarlægð frá hringvegi

NEIKVÆÐ

### TÆKIFÆRI:

Ytra umhverfi og framtíðin

- > Eigum mikið inni, stórt svæði hlutfallslega fáir ferðamenn
- > Fjölbreytt landslag og ólíkar perlur sem hægt er að nýta betur ef grunngerð lagast og skipulag verður betra
- > Frumleiki í matargerð
- > Menning og saga
- > Vetrarferðamennska

JÁKVÆÐ

### ÓGNANIR:

Ytra umhverfi og framtíðin

- > Samgöngur
- > Lítil og hæg uppbygging
- > Stór skemmtiferðaskip
- > Hátt verðlag
- > Náttúrhamfarir (snjóflóð)
- > Fólksfækkun
- > Hugafar þjónustuaðila og íbúa suðvesturhorns

NEIKVÆÐ

SVÓT greining var unnin að hluta til af Svæðisráði áfangastaðaáætlunar á Vestfjörðum.





## Vestfirðir sem heild

- 1. Hringvegur 2** - Uppbygging á öruggum samgöngum sem henta ferðapjónustu og flutningum með áherslu á að ljúka hringvegi 2 um Vestfirði.
  - > Undirbúa hringtengingu Vestfjarða sem verður til með Dýrafjarðargöngum og vegi yfir Dynjandisheiði. Efla þarf í því samhengi heilsársferðapjónustu á svæðinu bæði með stefnumótun, vörulpróun og kynningu.
- 2. Efling heilsársferðapjónustu** – Próa og vekja athygli á og auka sölu á ferðum til Vestfjarða með sérstaka áherslu á lengingu ferðamannatímabilsins.
- 3. Uppbygging ferðapjónustu í bæjarkjörnum** - Uppbygging ferðapjónustu í bæjarkjörnum og vinna við stefnumótun ferðapjónustu í þorpum. Áhersla á þróun afþreyingar, hvort sem er með seldu afþreyingu eða sem ferðamenn geta nýtt sér sjálfir, eins og hönnun á öflugum kerfi göngu-, hjóla og hlaupaleiða.
- 4. Skemmtiferðaskip, stjórnun, stýring og aðgengi** - Rammi verði settur um stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum fyrir árið 2020.
- 5. Öflugt samstarf og gæði** – Auka gæðavitund og samstarf ferðapjóna og auka stafræna hæfni og tæknilega getu ferðapjóna.
- 6. Efla áhugaverða sögustaði** - Efla áhugaverða sögustaði með lengri opnunartíma sem og uppbyggingu sem varðar uppsetningu sýninga og aðgengi.
- 7. Þjónusta við ferðamannavegi** - Endurskoðun á þjónustu á vegum þar sem áfangastaður er í sókn.



## Norðursvæði

- 1. Dynjandi** – Heildarskipulag svæðis við áfangastaðinn Dynjanda.
- 2. Bolafjall** – Heildarskipulag Bolafjalls sem áfangastaðar.
- 3. Skemmtiferðaskip á Ísafirði** - Skipulags-, hönnunar- og framkvæmdavinna til að móta aðkomu farþega skemmtiferðaskipa og fyrstu upplifun þegar í land er komið.
- 4. Hvítanes og Litlibær í Ísafjarðadjúpi** – Bætt aðkoma ferðamanna að Hvítanesi og Litlabæ með áherslu á samspil náttúru og öryggis ferðamanna við þjóðveginn.
- 5. Hornstrandir og Jökulfirðir** – Greining á núverandi stöðu og stefnumótun um þróun friðlandsins sem áfangastaðar.
- 6. Heildarskipulagning á Tungudal, Seljalandsdal og Hnífum** - Hönnun á alhliða útivistarsvæði sem inniheldur skíða-, göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir með útsýnisstöðum og þjónustuhúsi.
- 7. Minnibakki – Skálavík** – Uppbygging Minnibakka og Skálavíkur sem áfangastaða með aðgengi að salernum og bættum samgöngum.
- 8. Hornstrandastofa** – Uppbygging gestastofu á Ísafirði.





### Suðursvæði

1. **Látrabjarg** – Unnið að framtíðarlausn með heildarskipulagningu Látrabjargs sem áfangastaðar.
2. **Minjasafnið að Hnjóti** – Nauðsynlegt er að byggja upp og bæta aðgengi að Minjasafninu að Hnjóti og efla það þannig sem áningarstað ferðamanna.
3. **Tálknafjarðarhreppur** – Uppbygging áfangarstaða í Tálknafjarðahreppi.
4. **Rauðasandur** – Heildarskipulagning Rauðasands sem heilsársáfangastaðar.
5. **Garðar BA** – Uppbygging áningarstaðar.
6. **Listasafn Samúels í Selárdal** – Áframhald á viðeigandi uppbyggingu safnsins með aðstöðu fyrir gesti, veitingar og búð. Bæta þarf aðgengi að safninu.
7. **Sundlaugin í Krossholti** – Uppbygging í kringum sundlauginu í Krossholti á Barðaströnd.

### Strandir og Reykhólar



1. **Áningarstaðir í Reykhólasveit** – Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
2. **Áningarstaðir í Strandabyggð** - Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
3. **Kaldalón** – Uppbygging Kaldalóns sem áfangastaðar með tengingu við Drangajökul.
4. **Árneshreppur** – Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
5. **Pottarnir á Drangsnesi** – Uppbygging pottana á Drangsnesi sem áningarstað.
6. **Heilsársvegur í Árneshrepp** – Öruggar heilsársamgöngur í Árneshreppi.





Markaðsstofa  
Vestfjarða



Vestfjarðastofa



Útgefið í október 2018